

Grímsnesi 30. mars 2023

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningahrepps
Stjórnsýsluhúsinu á Borg

Málefni: Fundur með sveitastjórn

Stjórn íbúasamtakanna *Búsetufrelsi* óskar hér með eftir því að sveitarstjórn í heild sinni haldi fund með stjórn íbúasamtakanna.

Sveitarstjórn hefur lýðræðislega skyldu til að hafa samráð við íbúa. Þessi skylda hefur nú verið lögfest í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011. X. kafli þeirra fjallar um samráð við íbúa.

Tekið skal skýrt fram að allir stjórnarmenn Búsetufrelsis eru með lögheimili í Grímsnes- & Grafningshreppi.

Samkvæmt 102. gr. skal sveitarstjórn leitast við að tryggja íbúum, og þeim sem njóta þjónustu sveitarfélagsins, möguleika til að taka þátt í og hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og undirbúning stefnumótunar.

Samkvæmt 103. gr. skal sveitarstjórn upplýsa íbúa sína um áætlanir sem sveitarfélagið hefur til meðferðar og ákvörðunar. Sama gildir um einstök mál sem hafa verulega þýðingu fyrir sveitarfélagið. Stefnumótun og áætlanagerð gefur íbúum og framkvæmdaaðilum nauðsynleg skilaboð um hvers megi vænta þannig að þeir geti hagað aðgerðum sínum í samræmi við það. Hún auðveldar líka íbúum að gæta lýðræðislegs aðhalds með sveitarstjórn.

Umboðshlutverkið er veigamikill þáttur í lýðræðislegu hlutverki sveitarstjórnarmanna. Þeir eru kjörnir til að vera fulltrúar íbúanna og hafa því umboðshlutverki að gegna gagnvart þeim.

Umboðshlutverkið kemur fram í því að sveitarstjórnarmaðurinn á að taka mið af hagsmunum og skoðunum íbúanna en honum ber skylda til að gera það þannig að hann hafi heildarhagsmuni og jafnræði milli íbúanna efst í huga.

Með ósk um skjóta afgreiðslu erindisins og skriflegum svörum.

Fyrir hönd stjórnar *Búsetufrelsis*.
Guðrún Njálsdóttir